

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 61/1992. **Sigurjón Ragnarsson**  
 gegn  
**Péttri Þór Sigurðssyni.**

Þingfesting. Frestur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjað er fjárnámsgerð fógetaréttar Garðabæjar 26. mars 1991. Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. desember 1991. Útivist varð af hálfu áfrýjanda, er þingfesta skyldi málið 3. febrúar sl., og féll það niður. Áfrýjandi skaut því málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar sl. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Hinn 2. mars sl. gerði áfrýjandi þá kröfu, að málið yrði þingfest og því frestað til reglulegs þingdags í október 1992. Þá krafðist hann málskostnaðar.

Af hálfu stefnda hefur þingfestingu málsins verið mótmælt og gerð krafa um ómaksbætur.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að áfrýjanda hafi ekki verið heimilt að áfrýja málinu að nýju eftir reglum 36. gr. laga nr. 75/1973, þar sem sú grein eigi einungis við, ef upphaflega var áfrýjað innan lögmæltis áfrýjunarfrests samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna.

Nefnt lagaákvæði verður ekki eftir orðum sínum skýrt svo, að heimild sú, sem það veitir til áfrýjunar máls að nýju, sé bundin þeim takmörkunum, sem stefndi heldur fram, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá árinu 1987, H. 1987, 310. Ber því að þingfesta málið og veita áfrýjanda frest til að skila dómsgerðum, ágripi og greinargerð til reglulegs þingdags í október 1992.

Málskostnaður ákveðst eins og í dómsorði segir.

## D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað til reglulegs þingdags  
2. október 1992.

Stefndi, Pétur Þór Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Sigurjóni  
Ragnarssyni, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.